

Ársskýsla 2005



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s



Náttúrustofa
Norðausturlands

Ársskýsla

Náttúrustofu Norðausturlands

2005

Ágúst 2006

Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Myndir: Náttúrustofa Norðausturlands
Forsíðumynd: Lundar í Mánáreyjum, ÞLP
Útgefandi: Náttúrustofa Norðausturlands
Prentun: Örkin

Efnisyfirlit

Starfsfólk	1
Fjárhagur	2
Rannsóknaverkefni	3
Þjónustuverkefni	6
Önnur verkefni	7
Samstarf	7
Fyrirlestrar og veggspjöld	8
Ritskrá	8
Tæki og búnaður	9

Inngangur

Náttúrustofa Norðausturlands starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, samanber lög nr. 92/2002. Stofan er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með aðkomu ríkisins líkt og kveðið er á um í samningi milli sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytis. Náttúrustofan er staðsett á Húsavík, innan veggja Þekkingarseturs Þingeyinga.

Árið 2005 var annað heila starfsár Náttúrustofunnar og einkenndist það af stórum þjónustu- og rannsóknaverkefnum. Uppbygging á aðstöðu, sem hafði verið áberandi á fyrsta heila starfsári stofunnar, hélt áfram og fólst að mestu í kaupum á tækjum og búnaði. Framlag ríkisins jókst til muna frá fyrra ári með aukafjárveitingu sem skaut styrkum stoðum undir rekstur stofunnar. Með auknum þjónustuverkefnum og tekjum þeim tengdum, ásamt hærra framlagi frá ríki, dafnaði Náttúrustofa Norðausturlands vel og umfang starfseminnar jókst. Á þessu öðru fulla starfsári sínu lauk stofnunin tilveru sinni sem „einmenningisstofnun“ með fastráðningu annars starfsmanns. Vöxtur stofunnar árið 2005 er í samræmi við þau markmið sem stjórnendur settu sér í upphafi.



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstöðumaður



Starfsfólk

Árið 2005 störfuðu hjá Náttúrustofunni tveir starfsmenn í fullu starfi og sá þriðji í hlutastarfi:



Þorkell Lindberg Þórarinnsson (M.S.), líffræðingur, hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands frá því hún hóf starfsemi. Hann sér um daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu stofunnar, m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða hefur hann stundað rannsóknir í fuglavistfræði ásamt ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar á árinu.



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir (B.S.) líffræðingur, var í fullu starfi frá 1. febrúar. Hún vann að ýmsum verkefnum, einkum gerð matsskýrslu fyrir Sorpsamlag Þingeyinga, rannsóknum á smádýralífi hálendistjarna og Staðardagskrá 21 fyrir Húsavíkurbæ.



Björgvin R. Leifsson (M.S.), líffræðingur, vann í hlutastarfi hjá Náttúrustofunni við rannsóknir á fæðuvali straumanda í sjó. Verkefni Björgvins fólst í að greina smádýraleifar úr straumandaskít og er hluti umfangsmikilla rannsókna á vistfræði straumanda Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Fjárhagur

Framlög/tekjur

Árið 2005 fékk Náttúrustofan úthlutaðar til reksturs 12,9 milljónir króna af fjárlögum ríkisins. Þar af var 5 milljóna króna aukafjárveiting sem til kom vegna styrkumsóknar til fjárlaganefndar Alþingis. Sótt var um styrk til tveggja rannsóknaverkefna: „Vistfræði straumanda Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu“ og „Lífriki vatna fyrir botni Skjálfanda og Öxarfjarðar“. Framlag Húsavíkurbæjar til reksturs Náttúrustofunnar nam 30% af föstu framlagi ríkisins, eða tæpum 2,4 milljónum króna.

Tekjur vegna þjónustuverkefna árið 2005 námu um 4 milljónum króna.

Styrkir

Í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina hlaut Náttúrustofan 1.730 þúsund króna styrk úr Tækjasjóði Rannís. Sótt var um styrk til kaupa á rafeindatækjum vegna rannsókna á hrefnum við Ísland.



Hrefnumælitækin prufukeyrð á Eyjafirði



Rannsóknaverkefni

Vistfræði straumanda Laxár í Suður-Píngeyjarsýslu

Markmið verkefnisins er að fá heildstæða mynd af vistfræði straumandar á Laxá í Suður-Píngeyjarsýslu, árið um kring. Ætlunin er að gera grein fyrir þeim þáttum sem mest varða afkomu íslenskra straumanda. Á varptíma nær rannsóknin einkum til varpstöðva straumanda á Laxá í Suður-Píngeyjarsýslu. Einnig er reiknað með að fylgjast með öðrum ám á vatnasviði Laxár. Að vetri til miðast rannsóknarsvæðið við strandsvæðið undan Línghöfða á Tjörnesi.

Árið 2005 var varp kortlagt á tveimur stöðum við Laxá í Mývatnssveit, Geirastöðum og Helluvaði. Þar að auki voru straumendur taldar á þremur tímum í Mývatnssveit: að vori, miðsumars og síðsumars.

Á felli- og vetrarstöðvum voru straumendur taldar nokkrum sinnum frá sumri, fram á haust til að meta fjölda straumanda í felli. Einnig var skítsýnum safnað til greininga á fæðuleifum. Unnið var úr sýnunum veturinn 2005-2006. Gerðar voru tilraunir með veiðar og merkingar á straumöndum og voru tveir steggir merktir með litmerkjum. Þá voru kafarar fengnir til þess að kanna botngerð og dýralíf á botni.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Árna Einarsson, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn og Arnþór Garðarsson,



Straumandapar við Laxá í Mývatnssveit

Vöktun vatnafugla

Markmið verkefnisins er að fylgjast með breytingum á fjölda vatnafugla á votlendissvæðum í Aðaldal og Reykjadal.

Náttúrustofan hóf vöktun vatnafugla á nokkrum vötnum í Aðaldal og Reykjadal árið 2004. Talningar fara fram á vorin og var vorið 2005 annað vorið sem talið var á þessum vötnum.



Óðinshani

Stofnstærð flórgoða

Markmið verkefnisins er að meta stofnstærð flórgoða á Íslandi með því að heimsækja og telja flórgoða á þekktum varpstöðum flórgoða. Gagnasöfnun hófst árið 2004 og hélt áfram vorið 2005.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun, Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn og aðrar náttúrustofur og felst í því að meta stofnstærð flórgoða á Íslandi.



Flórgoði

Rannsóknaverkefni

Smádýralíf í hálendistjörnum

Meginmarkmið rannsóknarinnar er þrjúþætt:

- að afla grunnupplýsinga um vistfræði tjarna á hálendum heiðum. Tjarnir á láglendi í sömu landshlutum verða til viðmiðunar.
- að meta breytileika í samfélagsgerðum smádýra tjarna/smávatna og svara því hvort samfélög (einkum smádýr) tjarna og smávatna endurspegli landfræðilega staðsetningu fremur en innbyrðis skyldleika. Reynt verður að varpa ljósi á tengsl á milli smádýrasamfélagsgerða innan svæða og milli landsvæða með mismunandi jarðfræði og vatnasviðseinkenni.
- að ráða í hvaða þættir það eru sem helst móta samfélög smádýra sem finnast í tjörnunum og smávötnum.

Árið 2005 var gögnum safnað á Búrfells- og Tunguselsheiði ásamt láglendistjörnum í Þistilfirði. Ætlunin er að bera þessi svæði saman við önnur votlendissvæði á hálendi Íslands.

Rannsóknaverkefnið er unnið í samstarfi við Jón S. Ólafsson, Veiðimálastofnun, Gróu Valgerði Ingimundardóttur, Náttúrufræðistofnun Íslands og Gísla Má Gíslason,



Sýnum safnað úr tjörn á Búrfellsheiði



Trichobilharzia lirfa

Sníkjudýr í Botnsvatni

Markmið rannsóknarinnar var að kanna sýkingatíðni andablóðagða í vatnasniglum úr Botnsvatni og komast að því hver sýkingavaldurinn væri við vatnið. Úttekt sem gerð var árið 2004 í samstarfi við Karl Skírnisson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, leiddi í ljós háa sýkingartíðni andablóðagða (*Trichobilharzia*) í vatnasniglum. Haustið 2005 var vatnasniglum, auk tveggja anda, aftur safnað í Botnsvatni til rannsókna á blóðögðum. Unnið var



Trichobilharzia lirfur

úr sýnum að Keldum.



Rannsóknaverkefni



Rjúpukarri í Aðaldal

Rjúpnatalning á Tjörnesi

Rjúpur hafa verið taldar á talningasvæði við Hól á Tjörnesi allt frá árinu 1981. Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur séð um talningu á rjúpum á þessu svæði og eru talningarnar liður í vöktun rjúpnastofnsins. Vorið 2005 tók Náttúrustofan þátt í rjúpnatalningum á Tjörnesi, líkt og árið áður.



Straumendur í Mývatnssveit

Fuglatalning í Mývatnssveit

Frá árinu 1975 hafa farið fram reglulegar talningar á fuglum í Mývatnssveit. Talningarnar eru liður í vöktun lífríkis Mývatns og er það Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn sem hefur umsjón með þeim. Vorið 2005 tók Náttúrustofa Norðausturlands að sér hluta talninganna að beiðni Náttúrurannsóknastöðvarinnar.



Húsendur í Mývatnssveit

Þjónustuverkefni

Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík með brennslu- og orkunýtingarkerfi

Náttúrustofan tók að sér vinnu við gerð matsskýrslu vegna fyrirhugaðrar sorpbrennslu á Húsavík. Verkið var unnið fyrir Sorpsamlag Þingeyinga ehf.



Nýbyggð sorpbrennslustöð við Húsavík

Fiskur og ferðapjónusta

Náttúrustofan tók að sér kennslu í námskeiði á vegum Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga er nefndist „Fiskur og ferðapjónusta“. Náttúrustofan fjallaði um dýralíf í Þingeyjarsýslum á haustönn 2005.



Nemendur á námskeiðinu „Fiskur og ferðapjónusta“ kryfja fisk

Verndaráætlun Mývatns og Laxár

Náttúrustofan tók að sér gerð verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá í samstarfi við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn. Verkið er unnið fyrir Umhverfisstofnun. Verkinu var ekki lokið árið 2005.

Staðardagskrá 21 fyrir Húsavíkurbæ

Náttúrustofan tók að sér gerð Staðardagskrár 21 fyrir Húsavíkurbæ. Vann stofan verkið í samstarfi við Staðardagskrárnefnd bæjarins. Verkinu var ekki lokið árið 2005.

Himbrimi á Krossavíkurselsvatni

Náttúrustofan kannaði, að beiðni Vegagerðarinnar, hvort og þá hvar himbrimapar væri í varpi að Krossavíkurselsvatni á Melrakkaslétu. Athugunin var gerð vegna fyrirhugaðrar veglagningar um Öxarfjarðarheiði.



Fullorðinn himbrimi og ungi



Önnur verkefni

Heimasíða

Náttúrustofan heldur úti heimasíðunni <http://www.nna.is> þar sem upplýsingum um starfsemina og náttúrufar á Norðausturlandi er miðlað. Leitast er við að uppfæra heimasíðuna reglulega með fréttum og ýmsum upplýsingum.



Fuglabæklingur

Náttúrustofan kom að gerð fuglabæklinga sem



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga gefur út í samstarfi við Félag fuglaáhugamanna í Þingeyjarsýslum og verkefni sem kallast Northern Coastal Experience. Í bæklingnum eru upplýsingar um helstu einkenni svæðisins hvað varðar fuglalíf. Einnig

Samstarf

Samtök náttúrustofa héldu ársfund sinn á svokölluðu Náttúrustofufingi á Húsavík dagana 3. - 4. október 2005. Náttúrustofa Norðausturlands annaðist undirbúning fundarins ásamt Náttúrustofu Austurlands og Náttúrustofu Norðurlands vestra. Á þinginu fjölluðu náttúrustofur um sín innri mál auk þess sem efnt var til opinna fyrirlestra. Þá var undirritaður samstarfssamningur milli Samtaka náttúrustofa og Hólaskóla.

Náttúrustofa Norðausturlands átti fulltrúa á málþingi Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands sem haldið var í Sandgerði. Þar var umræðuefnið uppbygging þekkingarstarfsemi á



Gestir á Náttúrustofufingi 2005

Fyrirlestrar/veggspjöld

Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sveinn Kári Valdimarsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson. Starfsemi Náttúrustofa. Erindi flutt á Náttúrustofupingi, Húsavík, 4. október 2005.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Ecology of Myvatn. Erindi flutt á ráðstefnu Snow Magic - verkefnisins í Mývatnssveit, 18. febrúar 2005.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Flórgoðinn - stofnfræði og atferli. Erindi flutt á fuglaskoðunardegi Náttúrustofu Norðurlands vestra, Sauðárkróki 8. maí 2005.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Íslenskir fuglar. Fyrirlestur í Litlulaugaskóla 17.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands 2003-2004. Erindi flutt á málpingi í tengslum við ársfund NNA, Þekkingarseturs Þingeyinga og Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga, Húsavík, 16. júní 2006.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson. Harlequin ducks of the River Laxá, Iceland: breeding success in relation to conditions on their breeding, molting and wintering grounds. Veggspjald á Second North American Sea Duck Conference, Annapolis, Maryland, 7.-11. nóvember 2005.

Ritskrá

Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, Þorkell Lindberg Þórarinnsson og Óli Halldórsson 2005. Móttöku-, flokkunar- og förgunarstöð sorps á Húsavík - með brennslu- og orkunýtingarkerfi. Matsskýrsla unnin fyrir Sorpsamlag Þingeyinga ehf. 53 bls.





Mitsubishibifreið Náttúrustofunnar

Tæki og búnaður

Í byrjun árs 2005 gerði Náttúrustofa Norðausturlands rekstrarleigusamning við Glitni um bíl frá Heklu. Um er að ræða MMC L-200 pallbíl sem merktur er Náttúrustofunni. Helstu fjárfestingar aðrar í tækjum var lítill slöngubátur með utanborðsmótor, 10x42 Leica kíkir með fjarlægðarmæli, Leica fjarsjá (teleskóp) og 300 mm Canon myndavélarlinsa. Einnig var keypt ný borðtölva frá Dell.

